

# Ályktun fyrir Kirkjuþing

Í kjölfar fundar jafnréttisnefndar sem haldinn var þann 6. febrúar 2024 leggja jafnréttisfulltrúar þjóðkirkjunnar fram ályktun til kirkjuþings er varðar málefni nefndar.

Jafnréttisnefnd starfar eftir samþykktri jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar sem hljóðar svo:

*„Stefna þjóðkirkjunnar um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna á að stuðla að jafnrétti eins og rétt og skylt er í samræmi við líf og boðskap Jesú Krists. Undirstöðuatriði kristins boðskapar fela í sér jafnréttishugsjón og skírnn inn í kristið samfélag gerir engan greinarmun á kyni eða stöðu einstaklinga. Því er jafnréttisstefna viðurkenning manngildis og jafnréttis allra einstaklinga“*

**Jafnréttisnefnd skorar á kirkjuþing að:**

- gæta þess að í öllum málum og málefnum sem fyrir kirkjuþing koma sé horft til jafnréttisstefnunnar og þess gætt að henni sé framfylgt í hvívetna.
- litið sé til jafnréttisstefnunnar í málefnum er varðar bæði kjör, ráðningar og starfslýsinga auk málefna er snerta einkalíf og fjölskyldur starfandi þjóna kirkjunnar bæði vígðra sem óvígðra.
- tryggja að raddir allra kynja hafi hljómgrunn og vægi er varða málefni kirkjunnar og þjónustu.

Með virðingu og vinsemd,  
f.h. jafnréttisnefndar.